

## Fundargerð 399

Föstudaginn 19. október 2012, kl. 11:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman að Ártorgi 1, Sauðárkróki. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Þóroddur Bjarnason formaður, Guðmundur R. Gíslason, Gunnar Svavarsson, Ólöf Hallgrímsdóttir, Rögnvaldur Ólafsson og Valdimar Hafsteinsson. Auk þeirra sátu fundinn; Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Elín Gróa Karlsdóttir forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason, forstöðumaður lögfræðisviðs (við dagskrárlið 1 og 2), Snorri Björn Sigurðsson, forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason, forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Ásta Dís Óladóttir og Sigurborg Kr. Hannesdóttir boðuðu forföll.

Formaður setti fund kl. 11:03 og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Sala aflahlutdeildar í rækju á Skjálfandaflóa.
3. Framfylgd rekstrar- og starfsáætlunar.
4. Fundargerðir lánanefndar.
5. Erindi Atvinnuþróunarfélags Suðurlands.
6. Raufarhöfn – kynning á starfi starfshóps.
7. Sóknaráætlanir landshluta – kynning á stöðu verkefnisins.
8. Skipting Íslands í hagskýrslusvæði.
9. Styrkir v. þátttöku í uppbyggingarsjóðum ESB (IPA) – kynning á vinnu Byggðastofnunar.
10. Kynning á samningsafstöðu Íslands við ESB í byggðamálum.
11. Önnur mál.
12. Næsti fundur.

Dagskráin samþykkt samhljóða.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Formaður bar upp fundargerð 398 og var hún samþykkt samhljóða og henni dreift til undirritunar.

### 2. Sala aflahlutdeildar í rækju á Skjálfandaflóa

HÁ fór yfir tilboð (f.skjal 4) sem Byggðastofnun hefur borist í 33,3333333% aflahlutdeild í rækju í Skjálfanda sem stofnunin eignaðist í ágúst sl. Tilboðin voru auglýst með fjölpósti frá SM-kvótaþingi, með auglýsingum í Morgunblaðinu og í miðlum á Húsavík.

...

Tillaga lánanefndar (fundargerð lánanefndar nr. 22/12) er að hæsta tilboð verði samþykkt og forstjóra veitt umboð til þess að ganga frá sölu aflahlutdeildarinnar á grundvelli þess. Gangi það ekki eftir verður aflahlutdeildin auglýst aftur.

Samþykkt samhljóða.

HÁ vék af fundi.

### 3. Framfylgd rekstrar- og starfsáætlunar

AÐ fór yfir rekstrarreikning og almennan rekstrarkostnað (f. skjal 2) fyrstu níu mánuði ársins. SBS fór yfir starfsáætlun stjórnar og verkefni þróunarsviðs. Mikill tími starfsmanna þróunarsviðs hefur að undanfögnu farið í að halda utan um kynningu á IPA verkefni sem mun ljúka í nóvember. AÐ sagði frá áframhaldandi vinnu við skýrslu um samfélagsleg áhrif lánastarfsemi Byggðastofnunar. Stefnt er að því ljúka gerð skýrslunnar upp úr mánaðarmótum.

SBS kynnti mun á fasteignamati og fasteignagjöldum 2012 milli þéttbýlissvæða og milli þéttbýlisstaða inna sama sveitarfélags.

Stjórn óskar eftir tillögu SBS um einfaldaða framsetningu starfsáætlunar 2013, t.d. að skipta starfsáætlun upp í starfsáætlun stjórnar og starfsáætlun stofnunar.

### 4. Fundargerðir lánanefndar (f. skjal 3)

...

*Fundargerð lánanefndar nr. 20/12, 3. október 2012*

EGK, fór yfir fundargerðina.

Fundargerðin staðfest.

*Fundargerð lánanefndar nr. 21/12, 10. október 2012*

EGK fór yfir fundargerðina.

...

Fundargerðin staðfest.

*Fundargerð lánanefndar nr. 22/12, 16. október 2012*

EGK fór yfir fundargerðina.

Fundargerðin staðfest.

### 5. Erindi Atvinnuþróunarfélags Suðurlands

SBS og AÐ kynntu bréf (f. skjal 5) sem borist hefur frá Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands þar sem fram kemur að Sveitarfélagið Hornafjörður hefur fengið aðild að

félaginu. Í bréfinu er óskað eftir því við Byggðastofnun að hún taki þátt í því auka stöðugildi sem þörf er á vegna innkomu Hornafjarðar.

Samningar við atvinnuþróunarfélögin runnu út í árslok 2010 og hafa verið framlengdir til árs í senn síðan. Beðið hefur verið með að endurskoða samningana vegna fyrirhugaðra breytinga á stoðkerfi atvinnulífsins en þær hafa dregist meðal annars vegna sameiningar ráðuneyta.

Forstjóra og formanni var falið að svara bréfinu í samræmi við þær umræður sem fram fóru á fundinum.

## 6. Raufarhöfn – kynning á starfi starfshóps

AP sagði frá vinnu sem unnin hefur verið með Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga, Norðurþingi o.fl. um stöðu Raufarhafnar. Íbúapróun á Raufarhöfn hefur um langt árabíl verið mjög neikvæð, og hafa ýmsar aðgerðir opinberra aðila og heimamanna ekki megnað að snúa þeirri þróun við. Byggðastofnun hefur fylgst grannt með þessari þróun, og telur áhugavert að skoða hvort hægt sé að nálgast umræðu um málefni Raufarhafnar á annan hátt en gert hefur verið hingað til, og ekki síst að leita leiða til að fá fram skoðanir og vilja íbúanna sjálfra hvað varðar áframhaldandi þróun byggðar á Raufarhöfn.

## 7. Sóknaráætlanir landshluta – kynning á stöðu verkefnisins

Frestað til næsta fundar.

## 8. Skipting Íslands í hagskýrslusvæði

SBS sagði frá vinnu Hagstofu Íslands um nýja afmörkun íslenskra hagskýrslusvæða á héraðsstjórnarstigi. Helstu vandkvæði við núverandi hagskýrslusvæði er einkum ójafnvægi í fólksfjölda á milli hagskýrslusvæða en íbúafjöldi á tveimur svæðum, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra er um og undir 7.000 íbúa sem er of lítið þýði til að vinna með. Á sama tíma eru íbúar höfuðborgarsvæðisins yfir 200.000. Fámennið og stærðarmunurinn skapar vandamál við vinnslu hagtalna að mati Hagstofunnar. Hefur hún því gert tillögu um fjögur hagskýrslusvæði, tvö á höfuðborgarsvæðinu og tvö á landsbyggðinni.

Formaður fór í gegnum glærुकynningu sem hann var með á fundi sem Hagstofan hélt um málið í síðustu viku. Að hans mati leiðir svæðaskipting Hagstofunnar til þess að einkenni þróunar varnarsvæða hverfur inn í stóru svæðin. Nauðsynlegt er að haga skiptingunni með þeim hætti að sérkenni svæða, þó fámenn séu komi fram í hagtölum.

Eftirfarandi bókun var lögð fram:

*Stjórn Byggðastofnunar hafnar þeim tillögum sem Hagstofa Íslands hefur setur fram. Svæðaskipting Hagstofunnar leiðir til þess að einkenni þróunar varnarsvæða hverfur*

*inn í stóru svæðin. Nauðsynlegt er að haga skiptingunni með þeim hætti að sérkenni svæða, þó fámenn séu komi fram í hagtölum.*

Samþykkt samhljóða

Forstjóra falið að tilkynna Hagstofunni ofangreinda bókun.

## **9. Styrkir v. þátttöku í uppbyggingarsjóðum ESB (IPA) – kynning á vinnu Byggðastofnunar**

SBS kynnti þá vinnu sem starfsfólk Byggðastofnunar hefur unnið vegna kynningar á svokölluðum IPA styrkjum, en áætlað er að a.m.k. 3 mannmánuðir hafi farið í þá vinnu. Verið er að auglýsa eftir umsóknum um styrki og er heildarstyrkjafjárhæð 8.275.000 evrur eða 1,3 milljarður króna.

## **10. Kynning á samningsafstöðu Íslands við ESB í byggðamálum**

AÐ kynnti og fór yfir samningsafstöðu Íslands við ESB í byggðamálum og þau málefni sem lögð er áhersla á.

## **11. Önnur mál**

*Hækkun virðisaukaskatts á gistingu*

ÓH ræddi um hækkunina og áhrif hennar á fyrirtæki í ferðaþjónustu og umsögn Byggðastofnunar um málið.

*Jöfnun húshitunarkostnaðar*

GRG ræddi um jöfnun húshitunarkostnaðar. Fram kom að málið er til skoðunar á þróunarsviði.

*Fullnustueignir Byggðastofnunar*

GRG vildi að kannað yrði hvort Byggðastofnun ætti að bjóða einstaklingum og fyrirtækjum tímabundið afnot af fullnustueignum sínum endurgjaldslaust sem hvata til að koma starfsemi af stað.

## **12. Næsti fundur**

Næsti fundur verður haldinn 23. nóvember nk. í Hveragerði og stefnt er á fund þann 14. desember. Staðsetning þess fundar verður ákveðin síðar.

Ákveðið að óska eftir því að fá atvinnu- og nýsköpunarráðherra á næsta fund stjórnar þann 23. nóvember nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:20

Magnús Helgason, fundarritari
